

Skipulagsstofnun  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík

Reykjavík 24. janúar 2019  
UST201901-090/B.S.  
08.15.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum- Tillaga að matsáætlun - Hreinsistöð fráveitu á Selfossi. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

Umhverfisstofnun bendir á að tillaga um eins þreps hreinsistöð uppfyllir ekki kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp þar sem Ölfusá hefur ekki verið flokkaður sem síður viðkvæmur viðtaki. Fjalla þarf um hvort ástæða sé til að nota 3. þrepa hreinsun, sbr. 2. tl. 7. gr. reglugerðarinnar þar sem segir m.a.: „*Einnig skal hreinsa skólp með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki nýtur sérstakrar verndar vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða.*“ Í þessu sambandi bendir stofnunin á að Ölfusforir eru á náttúruminjaskrá nr. 751 og á IBA (important bird area) skrá og hafa verndargildi í samræmi við það. Mikið og fjölbreytt fuglalíf er í Ölfusforum á öllum árstímum og er svæðið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði af Náttúrufræðistofnun Íslands.

Varðandi áfangaskiptingu framkvæmdarinnar ætti að gera grein fyrir eftirfarandi: Hvenær ráðgert er að bæta þrepi 2 við hreinsistöðina og hvernig hreinsun verði háttáð meðan á breytingu stöðvarinnar frá 1. þreps hreinsun í 2. þrepa.

Þar sem Umhverfisstofnun telur 1. þreps hreinsun ekki uppfylla skilyrði framangetinnar reglugerðar þá þarf að gera ítarlega grein fyrir því hvenær ráðgert sé að stækka hreinsistöðina svo hún uppfylli settar kröfur, þ.e. 2. þrepa hreinsun eða ítarlegri. Einnig ætti að gera grein fyrir því hvenær ráðgert er að ljúka við gerð dælustöðvar ef ráðgert er að losa skólp frá Selfossi í sjó við Eyrarbakka eða Stokkseyri. Þá þarf að gera grein fyrir því hversu mikið pláss þarf undir 2. þrepa hreinsistöð og hvar seinna þrepið verður staðsett. Einnig mætti fjalla um hvernig 2. þrepa hreinsun ásamt dælistöð verði komið

fyrir á umræddu svæði ef svo færi að strandsjórn við útrás verði ekki skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki.

Gera þarf grein fyrir yfirföllum m.a. neyðaryfirföllum og markmiðum varðandi notkun þeirra. Einnig þarf að gera grein fyrir frágangi yfirfallsútrásar.


Í tillögunni er ekki gerð grein fyrir áhrifum breytileika í rennsli vegna úrkomu og leka á hönnun og rekstur hreinsistöðvarinnar, m.a. á notkun yfirfalla. Gera mætti grein fyrir því hvernig stöðinni er ætlað að ráða við 2. þrepa hreinsun þegar forhreinsun hjá fyrirtækjunum SS og MS liggur niðri eða að teknu tilliti til leka í lögnum, mikillar úrkomu eða leysinga.

Varðandi losun í hafið ætti að gera grein fyrir hvernig útrásinni er valinn staður m.t.t. strauma, lengd útrásar með hliðsjón af hraunkanti og gerð útrásar til að tryggja fullnægjandi blöndun skólps og sjávar. Bent skal á að skilgreina þarf strandsjó sem síður viðkvæma viðtaka ef hreinsun verður 1. þrepa. Slíkt verður ekki gert nema Umhverfisstofnun fallist á þá skilgreingu viðtakans sbr. 20. gr. 4. tl. reglugerðar um fráveitur og skólp. Fjalla þarf um hvernig hreinsun skólps frá Stokkeyri og Eyrarbakka verði háttáð ef ráðgert er að tengja skólp frá þessum stöðum í útrás frá Selfossi sem uppfyllir kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp varðandi losun í strandsjó.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvernig umhverfisáhrif fyrirhugaðrar losunar í hafið eru metin ef ekki liggja fyrir upplýsingar um strauma og mögulega dreifingu skólps.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Rakei Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur